

Stefnumótun sérkennslu í leikskólum Kópavogs

Stefnumörkun Kópavogsbæjar í málefnum barna sem þurfa sérkennslu byggir á lögum um leikskóla (1994) og starfsreglum um sérkennslu í leikskólum Kópavogs (2001). Stefnan tekur mið af Aðalnámskrá leikskóla frá 1999 og Salamanca - yfirlýsingarinnar um “nám án aðgreiningar”.

Sérkennsla í leikskólum er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi, hún skal taka mið af þörfum hvers og eins barns og vera unnin í nánú samráði við foreldra.

Kennslutímar og fjármagn

Samkvæmt starfsreglum í sérkennslu frá 2001 ber sveitarfélaginu að sjá til þess að leikskólar fái ákveðið fjármagn til sérkennslu. Sérkennsluþjónustan skiptist í tvennt, annars vegar þjónusta í leikskólunum, og hins vegar sérfræðiþjónustu frá Fræðsluskrifstofu Kópavogs. Starfsreglur um sérkennslu kveða á um fjölda tíma í sérkennslu eftir ákveðnu flokkunarkerfi um vægi þroskaskerðingar.

Markmið:

Markmið með sérkennslu í leikskólum er að tryggja að börn með þroskaraskanir, tilfinninga- og eða félagslega erfiðleika fái notið leikskóladvalar sinnar.

Í leikskólum Kópavogs er:

- Litið á sérkennslu leikskólabarna sem sjálfsagðan og eðlilegan hluta af öllu starfi í leikskólanum, en ekki aðgreint úrræði.
- Leikskólahugmyndafræði lögð til grundvallar sérkennslunni.
- Unnið eftir hugmyndafræði heildtækrar skólustefnu.
- Unnið markvisst að sérkennslu með snemmtækri íhlutun og þverfaglegri samvinnu þeirra sem að málum koma hverju sinni.